

# **Sameining sveitarfélaga á Norðurlandi eystra**

Skýrsla til nefndar félagsmálaráðuneytisins um sameiningu sveitarfélaga

*Eyþing – samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum*

*Júní 2004*

## Efnisyfirlit.

<b>INNGANGUR.</b> .....	<b>1</b>
<b>ÍBÚAÐRÓUN OG ALDURSSKIPTING.</b> .....	<b>1</b>
<b>ATVINNA OG ÞJÓNUSTA.</b> .....	<b>2</b>
OPINBER ÞJÓNUSTA.....	3
ATVINNUHÆTTIR. ....	4
ATVINNUSÓKN. ....	6
<b>SAMGÖNGUR Á SVÆÐI EYÞINGS.</b> .....	<b>6</b>
<b>SAMSTARFSVERKEFNI SVEITARFÉLAGA Í EYÞINGI.</b> .....	<b>8</b>
<b>TILRAUNIR TIL SAMEININGAR Á SVÆÐI EYÞINGS.</b> .....	<b>12</b>
<b>VERKASKIPTING RÍKIS OG SVEITARFÉLAGA.</b> .....	<b>15</b>
<b>SAMEININGARKOSTIR INNAN EYÞINGS.</b> .....	<b>16</b>
<b>LOKAORÐ.</b> .....	<b>18</b>
<b>VIÐAUKI - SVÖR SVEITARSTJÓRNA VIÐ BRÉFI EYÞINGS.</b> .....	<b>19</b>

## Inngangur.

Í bréfum frá nefnd félagsmálaráðuneytisins um sameiningu sveitarfélaga, dags. 22. janúar og 19. febrúar 2004, var óskað eftir samstarfi við Eyþing um samantekt upplýsinga og vinnslu tillagna um sameiningu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra. Stjórn Eyþings brást við með því að leggja áherslu á að tillögur um verka- og tekjuskiptingu ríkis lægi fyrir áður en sameiningartillögur væru lagðar fram eins og boðað hafði verið. Þannig væri hægt að móta raunhæfar og vel rökstuddar tillögur um æskilega stærð sveitarfélaga. Á þeim grunni lýsti stjórnin sig reiðubúna til samstarfs við nefndina og jafnframt samþykkti stjórnin að gefa sveitarstjórnnum á starfssvæðinu kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við stjórnina og þær hvattar til að efna til umræðu um eflingu sveitarstjórnarstigsins.

Hér á eftir er greinargerð unnin um ýmsa þætti sem koma inn í umræðuna um sameiningu sveitarfélaga og nefndin óskaði upplýsinga um.

## Íbúapróun og aldursskipting.

Á Norðurlandi eystra búa samtals 26.811 manns. Siglufjörður er þegar þátttakandi í vissum verkefnum með sveitarfélögum á Norðurlandi eystra og inni í umræðu um sameiningu sveitarfélaga í Eyjafirði. Að meðtöldum Siglufirði eru íbúar alls 28.249. Á 10 ára tímabili frá 1994 – 2003 hefur íbúafjöldi á Norðurlandi eystra nánast staðið í stað eða aðeins vaxið um 0,1% (**tafla 1**).

	Íbúar 1994	Íbúar 2003	Breyting	% breyting
Grimsey	119	93	-26	-21,8%
Ólafsfjörður	1189	994	-195	-16,4%
Dalvíkurbyggð	2132	2025	-107	-5,0%
Hrísey	277	180	-97	-35,0%
Arnarneshr.	213	188	-25	-11,7%
Hörgárbyggð	373	371	-2	-0,5%
Akureyri	14913	16048	1135	7,6%
Eyjafjarðarsveit	966	958	-8	-0,8%
Svalbarðsstrandarhr.	328	376	48	14,6%
Grýtubakkahr.	375	396	21	5,6%
Þingeyjarsveit	875	716	-159	-18,2%
Skútustaðahr.	497	440	-57	-11,5%
Aðaldælahr.	322	280	-42	-13,0%
Húsavíkurbær	2618	2453	-165	-6,3%
Tjörneshr.	83	66	-17	-20,5%
Kelduneshr.	109	103	-6	-5,5%
Öxarfjarðarhr.	385	344	-41	-10,6%
Raufarhafnarhr.	383	254	-129	-33,7%
Svalbarðshr.	128	126	-2	-1,6%
Þórshafnarhr.	500	400	-100	-20,0%
Mt. Nl. Eystra	26785	26811	26	0,1%
Landið allt	266786	290490	23704	8,9%

**Tafla 1.** Íbúapróun á Norðurlandi eystra 1994 – 2003.

Athygli vekur að íbúum hefur einungis fjölgað í þremur sveitarfélögum, þ.e. Akureyri og nágrennasveitarfélögum Svalbarðsstrandarhreppi og Grýtubakkahreppi. Þrátt fyrir stærð Akureyrar nær íbúafjöldun þar ekki landsmeðaltali á þessum 10 árum. Þess ber þó að geta að fjöldun íbúa á Akureyri er einkum á síðari hluta tímabilsins, en íbúar þar voru 15.143 árið 1999. Þá hefur orðið gríðarleg fækkun í vissum sveitarfélögum, einkum Hríseyjar- og Raufarhafnarhreppum. Á 10 ára tímabilinu urðu íbúar Raufarhafnar flestir árið 1998 eða 407 talsins.

Eins og lesa má út úr **töflu 2** er aldurssamsetning íbúa Norðurlands eystra á landsmeðaltali. Við skoðun á einstökum sveitarfélögum geta frávik verið nokkur. Þannig vekur t.d. athygli lágt hlutfall íbúa í yngsta aldurshópnum í Tjörneshreppi og Kelduneshreppi og að sama skapi hátt hlutfall í elsta aldurshópnum.

	Aldurshópar			
	0-16	17-25	26-67	68-
Grimsey	28%	14%	47%	11%
Ólafsfjörður	26%	13%	49%	12%
Dalvíkurbyggð	29%	13%	48%	10%
Hrísey	25%	11%	54%	10%
Arnarneshr.	29%	11%	51%	9%
Hörgárbyggð	24%	14%	55%	8%
Akureyri	27%	13%	50%	10%
Eyjafjarðarsveit	29%	13%	48%	9%
Svalbarðsstrandarhr.	28%	16%	49%	6%
Grýtubakkahr.	27%	15%	50%	8%
Þingeyjarsveit	25%	12%	49%	14%
Skútustaðahr.	27%	11%	49%	13%
Aðaldælahr.	24%	13%	49%	14%
Húsavíkurbær	27%	13%	49%	11%
Tjörneshr.	15%	15%	48%	21%
Kelduneshr.	20%	14%	46%	20%
Öxarfjarðarhr.	25%	13%	47%	16%
Raufarhafnarhr.	25%	11%	53%	11%
Svalbarðshr.	25%	18%	44%	13%
Þórshafnarhr.	26%	14%	51%	10%
Mt. Nl. Eystra	27%	13%	50%	10%
Landið allt	26%	13%	51%	10%

**Tafla 2.** Aldursskipting eftir sveitarfélögum á Norðurlandi eystra árið 2003.

## Atvinna og þjónusta.

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu opinberri þjónustu á svæðinu, atvinnuháttum og þróun starfa og loks stuttlega vikið að atvinnusókn.

## Opinber þjónusta.

Gerð verður lauslega grein fyrir opinberri þjónustu á svæðinu, s.s. skólum, heilbrigðisstofnunum og staðsetningu sýslumannsembætta.

### Fræðslustarfsemi.

**Grunnskólar.** Í **töflu 3** er yfirlit yfir grunnskóla á svæðinu. Talsverð uppstokkun hefur átt sér stað í skólalaldi á undanförunum árum í kjölfar sameininga sveitarfélaga. Í tiltölulega fáum tilvikum er því um að ræða samrekstur skóla í dag, en getið er um hann í kaflanum um samstarf sveitarfélaga. Í töflunni er að finna upplýsingar um skólaakstur þar sem það á við. Samkvæmt upplýsingum frá Ólafsfirði mun ekki verða um að ræða neinn skólaakstur næsta vetur. Í Hafralækjarskóla er lengsti akstur aðra leiðina 48 km með börn af Tjörnesi. Af nemendum Hafralækjarskóla koma 15 frá Húsavíkurbæ (Reykjahverfi). Af 55 nemendum í Lundi koma 13 úr Kelduhverfi.

Grunnskóli	Fjöldi nemenda	Bekkir	Lengsti akstur aðra leiðina, km
Grunnskólinn í Grímsey	13	1.- 8.	
Barnaskóli Ólafsfjarðar	107	1.- 7.	10
Gagnfræðaskóli Ólafsfjarðar	54	8.-10.	
Dalvíkurskóli	260	1.-10.	25
Árskógarskóli, Dalvíkurbyggð	50	1.- 8.	
Húsabakkaskóli, Dalvíkurb.	40	1.- 8.	
Grunnskólinn í Hrísey	32	1.-10.	
Þelamerkurskóli	98	1.-10.	30
Brekkuskóli Akureyri	538	1.-10.	
Oddeyrarskóli	222	1.-10.	
Glerárskóli	421	1.-10.	
Lundarskóli	522	1.-10.	
Síðuskóli	456	1.-10.	
Giljaskóli	395	1.-10.	
Hlíðarskóli (sérskóli)	10	1.-10.	
Hrafnagilsskóli	203	1.-10.	32
Valsárskóli	75	1.-10.	
Grenivíkurskóli	52	1.-10.	20
Stórutjarnaskóli	65	1.-10.	60
Litlulaugaskóli	45	1.-10.	
Hafralækjarskóli	88	1.-10.	48
Reykjahlíðarskóli	82	1.-10.	30
Borgarhólsskóli	397	1.-10.	
Öxarfjarðarskóli Lundi	55	1.-10.	32
Öxarfjarðarskóli Kópaskeri	22	1.-7.	
Grunnskóli Raufarhafnar	45	1.-10.	
Svalbarðsskóli	15	1. - 8.	32
Grunnskólinn á Þórshöfn	65	1.-10.	40

**Tafla 3.** Grunnskólar á Norðurlandi eystra 2003 – 2004.

**Framhaldsskólar.** Á svæðinu eru starfandi fjórir framhaldsskólar: Menntaskólinn á Akureyri, Verkmenntaskólinn á Akureyri, Framhaldsskólinn á Laugum og Framhaldsskólinn á Húsavík.

**Sérskóli:** Myndlistarskólinn á Akureyri.

**Háskóli:** Háskólinn á Akureyri.

**Símenntunarmiðstöðvar:** Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar (Símei) og Fræðslumiðstöð Þingeyinga (Fræþing).

**Tónlistarskólar.** Á svæðinu eru starfandi margir tónlistarskólar og eru sumir þeirra í samrekstri sveitarfélaga og þá getið um þá í kaflanum um samstarf sveitarfélaga.

### **Heilbrigðisþjónusta.**

**Sjúkrahús:** Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri og sjúkrahús Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga á Húsavík. Í ljósi þess að Siglufjörður mun væntanlega tengjast Eyjafirði með veggöngum innan fárra ára þá má einnig nefna hér sjúkrahúsið á Siglufirði (Heilbrigðisstofnunin Siglufirði).

**Heilsugæsla.** Heilsugæslustöðvar eru á Ólafsfirði, Dalvík og Akureyri og er hver þeirra með sjálfstæða stjórn. Heilsugæsluumdæmi Dalvíkur nær til Hríseyjar auk Dalvíkurbyggðar og er heilsugæslustöð í Hrísey þjónað frá Dalvík. Heilsugæsluumdæmi Akureyrar nær f.o.m. Arnarneshreppi til og með Grýtubakkahreppi, auk hluta Þingeyjarsveitar. Á Grenivík er heilsugæslustöð sem þjónað er af læknum frá Akureyri. Í Þingeyjarsýslum eru staðsettar nokkrar heilsugæslustöðvar en eru allar undir stjórn Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga. Heilsugæslustöð er á Húsavík og heilsugæslustöð í Mývatnssveit er þjónað af lækni þaðan. Í Norður-Þingeyjarsýslu eru þrjár heilsugæslustöðvar, þ.e. á Kópaskeri, Raufarhöfn og Þórshöfn, en læknir situr ekki á Raufarhöfn.

### **Sýslumenn.**

Sýslumannsembætti eru staðsett í Ólafsfirði, á Akureyri og á Húsavík.

### **Önnur opinber þjónusta.**

Þéttbýlisstaðirnir á svæðinu veita nærsvæðum sínum grunnþjónustu af ýmsu tagi. Sökum stærðar sinnar hefur Akureyri algera sérstöðu sem þjónustukjarni fyrir allt svæðið og á ýmsum sviðum langt út fyrir svæðið. Á Húsavík, sem jafnframt er næststærsti byggðakjarninn og með stórt bakland, er einnig að finna fjölpætta þjónustu. Ýmsa opinbera starfsemi er að finna á Akureyri sem ekki er að finna annars staðar á svæðinu. Nýlega hefur verið bent á að hlutur starfa á vegum ríkisins á Akureyri er langt undir því sem eðlilegt getur talist. Gildir þá einu hvort litið er til íbúafjölda eða aðstæðna s.s. ýmiskonar stoðþjónustu. Vísað er til skýrslu Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar „Staðsetning starfa á vegum ríkisvaldsins – höfuðborgarsvæðið og Eyjafjörður“ (afe.is) í þessu sambandi.

### **Atvinnuhættir.**

Í **töflu 4** er sýnd hlutfallsleg skipting starfa eftir atvinnugreinum á Norðurlandi eystra í samanburði við landið allt, annars vegar fyrir árið 1998 og hins vegar fyrir árið 2002. Vægi frumvinnslugreina er hátt og vægi þjónustugreina lágt miðað við landið allt og athygli vekur að hlutur landbúnaðar helst óbreyttur á svæðinu. Vægi iðngreina minnkar sem á landinu öllu. Vægi þjónustugreina í heild hefur vaxið samfara samdrætti bæði í iðngreinum í heild og frumvinnslugreinum.

Atvinnugrein	Norðurland eystra		Landið allt	
	1998	2002	1998	2002
<b>Frumvinnslugreinar alls</b>	<b>14,1</b>	<b>13,6</b>	<b>7,7</b>	<b>6,6</b>
Landbúnaður	5,7	5,7	3,1	2,8
Fiskveiðar	8,4	8,0	4,6	3,8
<b>Iðngreinar alls</b>	<b>29,8</b>	<b>25,7</b>	<b>25,7</b>	<b>23,0</b>
Fiskvinnsla	9,4	6,8	5,5	4,2
Annar iðnaður	13,7	11,7	12,5	10,9
Veitustarfsemi	1,0	0,9	1,0	1,0
Mannvirkjagerð	5,7	6,4	6,6	6,9
<b>Þjónustugreinar alls</b>	<b>56,1</b>	<b>60,7</b>	<b>66,6</b>	<b>70,4</b>
Verslun og viðgerðarþjónusta	10,4	9,5	14,0	13,7
Hótel- og veitingahúsarekstur	3,3	3,5	3,4	3,5
Samgöngur og flutningar	5,2	5,0	7,1	6,9
Fjármálaþjónusta	2,0	2,2	3,4	3,8
Fasteigna- og viðskiptaþjón.	4,6	5,9	6,4	8,2
Opinber stjórnsýsla	7,8	9,0	7,0	6,9
Fræðslustarfsemi	6,0	6,8	5,7	6,5
Heilbrigðis- og félagsþjónusta	12,7	14,1	13,8	14,6
Önnur þjónusta og ótilgreint	3,9	4,6	5,9	6,3

**Tafla 4.** Hlutfall starfandi eftir atvinnugreinum á Norðurlandi eystra og á landinu öllu skv. staðgreiðsluskrá.

Eins og fram kom í kaflanum um íbúapróun hefur fjölgun íbúa á síðustu árum einkum átt sér stað á Akureyri. Það vekur því forvitni að skoða hvort atvinnuþátttaka á Akureyri eykst að sama skapi. Í **töflu 5** er sýndur fjöldi starfandi annars vegar á Akureyri og hins vegar á Norðurlandi eystra skv. staðgreiðsluskrá.

	Starfandi				
	1998	1999	2000	2001	2002
Akureyri	7933	8023	8176	8182	8125
Norðurland eystra	14300	14350	14450	14410	14370
Akureyri, % af Nl. e.	55	56	57	57	57
	Íbúafjöldi				
	1998	1999	2000	2001	2002
Akureyri	15102	15143	15385	15632	15838
Norðurland eystra	26501	26357	26471	26618	26758
Akureyri, % af Nl. e.	57	57	58	59	59

**Tafla 5.** Fjöldi starfandi á Akureyri og Norðurlandi eystra skv. staðgreiðsluskrá árin 1998 – 2002.

Fram kemur að frá árinu 2000 heldur fjöldi starfandi ekki í við þá fólksfjölgun sem verður. Milli árana 2001 og 2002 er beinlínis um fækkun starfandi að ræða, fækkun um 57 á Akureyri en fækkun um 40 ef litið er á Norðurland eystra í heild. Til

samanburðar má geta að starfandi fækkaði einnig aðeins á landinu öllu eða um 490 (í 156.070) en stóðu í stað á höfuðborgarsvæðinu (96.190). Fróðlegt verður að skoða þessa þróun áfram þegar tölur liggja fyrir og sjá hvort atvinnuþátttaka heldur í við íbúafjölgun. Hér verður engin tilraun gerð til að skýra fyrirbyggjandi tölur nánar.

## Atvinnusókn.

Á síðustu árum hefur atvinnusókn úr sveitum inn til þéttbýlisins farið mjög vaxandi. Þessi þróun er m.a. mjög áberandi í nágrennasveitum Akureyar. Ætla má að snjóléttir vetur á undanförunum árum hafi ýtt undir þessa þróun ásamt vegabótum og þó ekki síst stóraukinni vetrarþjónustu á vegum.

Varla er að vænta stórfelldrar breytingar á atvinnusókn á næstu árum. Rétt er þó að geta að viðræður eru í gangi um nýtingu gufuaflsins í Þingeyjarsýslu við uppbyggingu stóriðju á svæðinu. Komi til slíkrar atvinnuuppbyggingar er ljóst að það kann að hafa umtalsverð áhrif til stækkunar atvinnu- og þjónustusvæðis. Inn í þá umræðu blandast einnig áformuð jarðgöng undir Vaðlaheiði.

## Samgöngur á svæði Eyþings.

Á svæði Eyþings eru framundan fjórar vegaframkvæmdir sem munu leiða til umtalsverðra styttinga á vegalengdum milli ákveðinna staða og svæða. Um leið hafa þær áhrif í umræðunni um stækkun sveitarfélaga. Þessar framkvæmdir eru komnar mislangt í undirbúningi, frá því að vera komnar á tímasetta framkvæmdaáætlun til þess að vera á undirbúningsstigi. Þessar framkvæmdir eru:

- Héðinsfjarðargöng.
- Vaðlaheiðargöng.
- Ný brú og veglína á Skjálfandafljót.
- Hófaskarðsleið (ný leið í stað Öxarfjarðarheiðar).

**Héðinsfjarðargöng:** Samkvæmt yfirlýsingum samgönguyfirvalda og þingmanna í kjölfar frestunar framkvæmda verður hafist handa árið 2006 og áætlað að göngin verði tilbúin 2010. Með tilkomu ganganna verða aðeins 15 km milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar, 32 km milli Dalvíkur og Siglufjarðar og 76 km milli Akureyrar og Siglufjarðar.

**Vaðlaheiðargöng:** Göngin eru enn ekki á áætlun en í ljósi þeirrar undirbúningsvinnu sem átt hefur sér stað að undanförunum er þess vænst að þau fari inn á áætlun við næstu endurskoðun vegaáætlunar. Stofnað hefur verið félag, Greið leið ehf., með þátttöku allra sveitarfélaga í Eyþingi og 10 fyrirtækja. Gert er ráð fyrir að veggjöld standi undir verulegum hluta kostnaðar við göngin.

Vaðlaheiðargöng munu stytta vegalengd milli Akureyrar og Þingeyjarsýslna um 16 km. Hitt vegur ekki síður þungt að göngin munu ryðja úr vegi þeirri hindrun í vetrarsamgöngum sem Víkurskarðið er. Möguleiki er á 2 km styttingu til viðbótar með breyttu vegstæði frá gangamunna í Fnjóskadal síðar meir. Með tilkomu þessara framkvæmda mun vegalengdin milli Akureyrar og Reykjahlíðar verða 81-83 km.



Frekari styttingar eru fyrirjáanlegar á leiðinni milli Akureyrar og Húsavíkur með breyttri veglínu við Skjálfandafljót.

**Ný veglína og brú á Skjálfandafljót:** Áform um nýja brú á Skjálfandafljót og nýja veglínu gera ráð fyrir 3 km styttingu vegalengdar milli Akureyrar og Húsavíkur. Eftir tilkomu Vaðalheiðarganga verður vegalengdin milli Akureyrar og Húsavíkur því 70 – 72 km.

**Hófaskarðsleið:** Framkvæmdir við nýja leið í stað vegar um Öxarfjarðarheiði munu hefjast á næsta ári. Þessi vegur mun hafa í för með sér stórfellda breytingu á tengingu milli Þistilfjarðar og Öxarfjarðar og sömuleiðis við Raufarhöfn. Vegur um Öxarfjarðarheiði er mjög lélegur og seinfarinn og auk þess lokaður stóran hluta árs. Meiri hluta ársins er því farið fyrir Melrakkaslétu milli Öxarfjarðar og Þistilfjarðar.

Í dag er vegalengdin milli Húsavíkur og Þórshafnar 152 km um Öxarfjarðarheiði en 220 km um Sléttu en um Hófaskarð mun hún verða 162 km. Vegalengdin lengist því um 10 km m.v. Öxarfjarðarheiði en styttist um 58 km m.v. Sléttu.

Vegalengdin milli Kópaskers og Þórshafnar mun verða 70 km og styttist um 29 eða 50 km eftir árstíma.

Vegalengdin milli Kópaskers og Raufarhafnar verður 43 km og styttist um 11 km. Vegalengdin milli Raufarhafnar og Þórshafnar verður hins vegar óbreytt eða 66 km, en í dag liggur leiðin um s.k. Hálsa. Raufarhöfn mun tengjast með nýjum vegi inn á veginn um Hófaskarð.

Miðað við þær framkvæmdir sem hér hefur verið gerð grein fyrir mun vegalengdin milli Akureyrar og Þórshafnar verða um 230 km og vegalengdin milli Akureyrar og Egilsstaða til samanburðar verða um 250 km.

Hér á eftir eru vegalengdir milli nokkurra staða eins og vegakerfið er í dag.

Vegalengdir frá Ólafsfirði:

Siglufjörður um Lágheiði	62 km
Siglufjörður um Öxnadalsheiði	233 km
Dalvík	17 km

Vegalengdir frá Akureyri:

Árskógssandur	35 km
Dalvík	44 km
Ólafsfjörður	61 km
Siglufjörður um Lágheiði	123 km
Siglufjörður um Öxnadalsheiði	192 km
Grenivík	41 km
Laugar í Reykjadal	64 km
Húsavík	91 km
Reykjahlið	99 km
Mýri í Bárðardal	87 km
Þórshöfn um Öxarfjarðarheiði	240 km
Þórshöfn um Sléttu	310 km
Egilsstaðir	266 km
Varmahlíð	94 km

Vegalengdir frá Húsavík:

Reykjahlíð	54 km
Laugar	40 km
Mýri í Bárðardal	85 km
Ásbyrgi	65 km
Kópasker	100 km
Raufarhöfn	154 km
Þórshöfn um Öxarfjarðarheiði	152 km
Þórshöfn um Sléttu	220 km

Frá Þórshöfn:

Raufarhöfn	66 km
Bakkafjörður (þorp)	46 km
Vopnafjörður	70 km

### Flugsamgöngur.

Áætlunarflug er innan svæðisins frá Akureyri til tveggja staða. Flogið er milli Akureyrar og Þórshafnar fimm daga vikunnar frá mánudegi til föstudags. Flug til Þórshafnar tengist flugi til Vopnafjarðar þannig að flogið er til beggja staðanna í sömu ferð. Milli Akureyrar og Grímseyjar er flogið alla daga vikunnar.

### Aðrar almenningssamgöngur.

Ferjur ganga annars vegar milli Dalvíkur og Grímseyjar og hins vegar milli Árskógssands og Hríseyjar.

Innan svæðis gengur rúta milli Akureyrar, Húsavíkur og Þórshafnar. Áætlunarferðir eru milli Akureyrar og Húsavíkur í tengslum við áætlunarflugið. Þá eru áætlunarferðir milli Akureyrar og Mývatns og einnig áætlunarferðir milli Akureyrar, Dalvíkur og Ólafsfjarðar. Einkum er litið til mikilvægis áætlunarferða annars vegar fyrir skólafólk og hins vegar vegna ferðaþjónustunnar.

## Samstarfsverkefni sveitarfélaga í Eyþingi.

Sveitarfélögin í Eyþingi hafa gert með sér samninga um fjölmörg verkefni. Ýmis form eru á þessum samstarfsverkefnum, einkum í Eyjafirði, og mismörg sveitarfélög eru aðilar að hverju verkefni fyrir sig. Í sumum tilvikum er eingöngu um sameiginlegar nefndir að ræða, í öðrum tilvikum er um sameiginlegar stofnanir og stjórnir að ræða og í enn öðrum tilvikum eru gerðir þjónustusamningar þar sem eitt sveitarfélaganna sér um reksturinn, en selur út þjónustuna til annarra sveitarfélaga. Ljóst er að samstarfsverkefnum hefur fjölgað á síðustu árum. Í heild má segja að reynslan af samstarfsverkefnum sé góð. Hjá því verður þó ekki litið að samstarf á svæðinu er flókið í samanburði við aðra landshluta – margvísleg samstarfsform, margir samstarfsvettvangar og yfirsýn því erfið eins og sjá má hér á eftir.

Hér fer á eftir listi yfir þau verkefni sem unnið er sameiginlega að.

### Verkefni sem taka til Norðurlands eystra alls (athuga þó Siglufjörð).

- Eyþing: Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum. Sjá lög Eyþings frá 31. ágúst 2002 og 86. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Hjá Eyþingi er eitt

stöðugildi. Siglufjörður er nú aðili að einu verkefni sem unnið er að á vegum Eyþings.

- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra: Starfssvæðið er Eyjafjörður og Þingeyjarsýslur. Sjá samstarfssamning um skipan heilbrigðisnefndar og rekstur heilbrigðiseftirlits frá 31. ágúst 2002. Hjá eftirlitinu eru 4 starfsmenn. Heilbrigðisnefnd er kjörin á aðalfundi Eyþings og ársskýrslur nefndarinnar eru fluttar á aðalfundum. Rekstur er vistaður hjá Akureyrarbæ.
- Kennslugagnasafn: Öll sveitarfélög í Eyþingi eiga aðild að þjónustusamningi við Háskólann á Akureyri um bókasafnsþjónustu fyrir grunn- og leikskólakennara. Sjá þjónustusamning frá 4. febrúar 2000.
- Greið leið ehf.: Félag til undirbúnings jarðganga undir Vaðlaheiði stofnað 28. febrúar 2003. Aðilar eru öll sveitarfélög í Eyþingi ásamt 10 fyrirtækjum. Aðsetur félagsins er hjá Eyþingi.

### Samstarfsverkefni sem ná út fyrir Norðurland eystra.

- Markaðsskrifstofa ferðamála á Norðurlandi ehf.: Starfssvæðið nær yfir Norðurland vestra og Norðurland eystra. Sjá stofnsamning frá 1. maí 2003. Flest sveitarfélög í Eyjafirði og S-Þingeyjarsýslu eru þátttakendur, en þó ekki Grímsey, Arnarneshreppur, Svalbarðsstrandarhreppur, Aðaldælahreppur og Tjörneshreppur. Ekkert sveitarfélag í N-Þingeyjarsýslu á aðild að skrifstofunni. Viðræður standa þó yfir um aðild einhverra þessara sveitarfélaga.

### Byggðasamlög í Eyjafirði:

- Sorpeyðing Eyjafjarðar b.s.: Þátttakendur eru öll sveitarfélögin á svæðinu fyrir utan Grímsey. Þingeyjarsveit er einnig aðili að Sorpeyðingunni vegna hluta sveitarfélagsins (áður Hálshrepps). Sjá endurskoðaðan stofnsamning Sorpeyðingar Eyjafjarðar b.s. frá 9. des. 1998. Verkfræðingur hjá tæknideild Akureyrarbæjar sér um framkvæmdastjórn Sorpeyðingarinnar.
- Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar b.s. (AFE): Þátttakendur eru öll sveitarfélögin fyrir utan Grímsey. Sjá samþykktir Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar b.s. og stofnsamning frá 15. október 1998. Hjá AFE eru 2,3 stöðugildi.
- Hafnasamlag Norðurlands b.s.: Aðilar eru Grýtubakkahreppur, Svalbarðsstrandarhreppur, Akureyrarbær, Hörgárbyggð og Arnarneshreppur.
- Hafnasamlag Eyjafjarðar b.s.: Aðilar eru Ólafsfjörður, Dalvíkurbyggð og Hrísey.

### Samstarfsverkefni innan Eyjafjarðar, vistuð hjá Héraðsnefnd Eyjafjarðar (Ath. að Þingeyjarsveit á aðild að nokkrum verkefnum).

- Héraðsnefnd Eyjafjarðar: Öll sveitarfélögin 10 á Eyjafjarðarsvæðinu eiga aðild að héraðsnefndinni. Sjá samþykktir Héraðsnefndar Eyjafjarðar frá 3. júlí 2002. Hjá nefndinni er starfsmaður í 60% starfi.
- Framhaldsskólarnir við Eyjafjörð MA og VMA: Þátttakendur eru öll sveitarfélögin á Eyjafjarðarsvæðinu auk Þingeyjarsveitar sem er þátttakandi vegna hluta sveitarfélagsins. Héraðsnefndin er 40% eignaraðili að nýjustu skólabyggingu MA og 7. 8. 9. og 10. áfanga VMA. Héraðsnefndin skipar byggingarnefndir skólanna og tilnefnir ríkið formann nefndanna. Menntamálaráðherra skipar skólanefndir framhaldsskólanna, en sveitarfélögin tilnefna tvo fulltrúa í hvora nefnd.

- Svæðisskipulag Eyjafjarðar: Þátttakendur eru öll sveitarfélögin í Eyjafirði ásamt Siglufirði og Þingeyjarsveit að hluta. Núgildandi svæðisskipulag var staðfest af umhverfisráðherra 14. október 2002 og gildir til 2010.
- Gróðurverndarnefnd: Starfssvæðið er allt Eyjafjarðarsvæðið. Skipuð skv. 19 gr. laga nr. 17/1965 um landgræðslu.
- Almannavarnanefnd Eyjafjarðar: Öll sveitarfélögin fyrir utan Ólafsfjörð eru aðilar að almannavarnanefndinni. Sjá 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962 og auglýsingu um samstarf um almannavarnir frá 5. febrúar 1996. Hjá nefndinni er starfsmaður í 20% starfi.
- Minjasafnið á Akureyri: Sjálfseignarstofnun rekin af öllum sveitarfélögum á Eyjafjarðarsvæðinu fyrir utan Ólafsfjörð. Sjá stofnskrá fyrir Minjasafnið á Akureyri frá 9. des 1998.
- Byggingafulltrúaembætti Eyjafjarðarsvæðis: Þátttakendur eru sveitarfélögin í Eyjafirði fyrir utan Akureyri, Dalvíkurbyggð og Ólafsfjörð. Þingeyjarsveit er aðili að embættinu vegna hluta sveitarfélagsins. Sjá samning um rekstur á byggingarfulltrúaembætti Eyjafjarðarsvæðis frá 12. desember 2001. Eitt stöðugildi er fyrir stofnunina.
- Náttúruverndarnefnd: Starfssvæðið er Eyjafjörður fyrir utan Akureyri, Dalvíkurbyggð og Ólafsfjörð. Skipuð skv. 11. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

### **Önnur samstarfsverkefni í Eyjafirði.**

- Tónlistarskóli Eyjafjarðar: Þátttakendur eru Grýtubakkahreppur, Eyjafjarðarsveit, Hörgárbyggð og Arnarneshreppur. Rekstur er vistaður hjá Eyjafjarðarsveit.
- Símei (Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar): Sjálfseignarstofnun með aðild Héraðsnefndar Eyjafjarðar f.h. aðildarsveitarfélaganna. Héraðsnefndin kys fulltrúa í stjórn.
- Þelamerkurskóli (grunnskóli): Skólinn er rekinn af Hörgárbyggð og Arnarneshreppi.
- Félags- og skólaþjónustan Útey: Þátttakendur eru Ólafsfjörður, Dalvíkurbyggð og Hrísey. Samstarf byggir á nokkrum samningum sem eru í endurskoðun.
- Barnaverndarnefnd: Þátttakendur eru Ólafsfjörður, Dalvíkurbyggð, Hrísey og Siglufjörður.
- Byggingafulltrúi Dalvíkurbyggðar: Ólafsfjörður kaupir þjónustu skv. samningi.
- Tónlistarskólarnir á Dalvík og í Ólafsfirði: Tilraunaverkefni um samstarf stendur yfir. Einn skólastjóri og samnýting kennara.

### **Hvaða þjónustu kaupa sveitarfélög í Eyjafirði af Akureyrarbæ eða öðrum með þjónustusamningum?**

- Stofnanþjónusta fyrir aldraða. Samningur frá 12. maí 1998. Starfssvæðið er allt heilsugæsluumdæmi Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri (þ.e. frá og með Arnarneshreppi að vestan) að undanskildum Grýtubakkahreppi, sem leigir aðgang að hjúkrunarrýmum hjá Akureyrarbæ samkvæmt sér samningi.
- Sameiginleg barnaverndarnefnd. Samningur frá 24. nóvember 1999. Aðilar samningsins eru Akureyrarbær, Arnarneshreppur, Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahreppur, Hörgárbyggð og Svalbarðsstrandahreppur.

- Ráðgjafarþjónusta. Ráðgjafarþjónustan felur í sér ákveðna þjónustu við leik- og grunnskóla sveitarfélaganna, barnavernd og félagsþjónustu. Eftirtalin sveitarfélög hafa gert samning um ráðgjafarþjónustu við Akureyrarbæ: Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahreppur, Hörgárbyggð og Svalbarðsstrandarhreppur. Samningar þessir voru gerðir 24. nóvember 1999.
- Brunavarnir Eyjafjarðar: Þátttakendur eru Arnarneshreppur, Hörgárbyggð, Eyjafjarðarsveit og Svalbarðsstrandarhreppur auk Akureyrar. Samningur við Akureyrarbæ er í endurskoðun.
- Héraðsskjalasafn Akureyrar og Eyjafjarðarsýslu: Safnið heyrir undir menningarmálanefnd Akureyrarbæjar. Þátttakendur eru öll sveitarfélögin í Eyjafirði fyrir utan Dalvíkurbyggð. Sveitarfélögin greiða framlag sem fer um héraðsnefnd.
- Amtsbókasafnið: Heyrir undir menningarmálanefnd Akureyrarbæjar. Öll sveitarfélögin í Eyjafirði greiða framlag til safnsins í gegnum héraðsnefnd.

### **Samstarfsverkefni innan Þingeyjarsýslna, vistuð hjá Héraðsnefnd Þingeyinga.**

- Héraðsnefnd Þingeyinga: Öll sveitarfélögin 10 í Þingeyjarsýslum eiga aðild að héraðsnefndinni. Hjá nefndinni eru 1,3 stöðugildi.
- Safnastarfsemi, þ.e. byggðasafn, sjóminjasafn, myndlistasafn, ljósmyndasafn og tvö héraðsskjalasöfn (eitt í S-Þing. og annað í N-Þing.): Þátttakendur eru öll sveitarfélög í Þingeyjarsýslum.
- Bygginga- og skipulagsfulltrúi: Þátttakendur eru öll sveitarfélög í Þingeyjarsýslum, en Þingeyjarsveit kaupir þó þjónustu að hluta af byggingafulltrúa Eyjafjarðarsvæðis. Stöðugildi eru 1,5.
- Félags- og skólaþjónusta: Þátttakendur eru öll sveitarfélög í Þingeyjarsýslum, en Þingeyjarsveit kaupir þó þjónustu að hluta af Akureyrarbæ. Starfrækja sameiginlega félags- og barnaverndarnefnd. Starfrækja einnig sameiginlega skólaþjónustunefnd sem er ráðgefandi. Stöðugildi eru 5,5.
- Málefni fatlaðra: Þátttakendur eru öll sveitarfélög í Þingeyjarsýslum. Stöðugildi eru 23.
- Almannavarnarnefnd Þingeyjarsýslna: Þátttakendur eru öll sveitarfélög í Þingeyjarsýslum. Hjá nefndinni er starfsmaður í 20% starfi.
- Náttúruverndarnefnd: Þátttakendur eru öll sveitarfélög í Þingeyjarsýslum.

### **Önnur samstarfsverkefni í Þingeyjarsýslum.**

- Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga ehf.: Þátttakendur eru öll sveitarfélög í Þingeyjarsýslum. Starfsmenn eru tveir.
- Fræþing (Fræðslumiðstöð Þingeyinga): Sjálfseignarstofnun með aðild Héraðsnefndar Þingeyinga f.h. aðildarsveitarfélaganna. Héraðsnefndin kýs fulltrúa í stjórn.
- Dvalarheimili aldraðra á Húsavík: Þátttakendur eru öll sveitarfélög í Þingeyjarsýslum nema Svalbarðshreppur og Þórshafnarhreppur.
- Sorpsamlag Þingeyinga ehf.: Þátttakendur eru sveitarfélögin frá og með Þingeyjarsveit til og með Kelduneshreppi. Þingeyjarsveit á þó aðild að Sorpeyðingu Eyjafjarðar b.s. vegna hluta sveitarfélagsins. Framkvæmdastjóri Héraðsnefndar sér um framkvæmdastjórn í 50% starfi.

- Sorpeyðing: Öxarfjarðarhreppur og Raufarhafnarhreppur reka saman urðunarstað.
- Brunavarnir: Húsavíkurbær, Aðaldælahreppur og Tjörneshreppur reka brunavarnir í sameiningu. Rekstur er vistaður hjá Húsavíkurbæ.
- Náttúrustofa Norðausturlands: Samstarfsverkefni Húsavíkurbæjar og Skútustaðahrepps, þó þannig að Húsavíkurbær ber alla fjárhagslega ábyrgð.
- Byggðaverkefnið rafrænt samfélag: Þátttakendur eru Aðaldælahreppur, Húsavíkurbær og Þingeyjarsveit.
- Hafralækjaskóli: Skólinn er rekinn af Aðaldælahreppi, Húsavíkurbæ og Tjörneshreppi. Þingeyjarsveit kaupir þjónustu fyrir nokkur börn.
- Grunnskólinn í Lundi: Skólinn er rekinn af Kelduneshreppi og Öxarfjarðarhreppi.
- Grunnskólinn á Þórshöfn: Svalbarðshreppur tekur þátt í rekstri skólans vegna tveggja elstu árganganna.
- Hjúkrunar- og dvalarheimilið Naust: Samrekstur Þórshafnarhrepps og Svalbarðshrepps.
- Íbúðir aldraðra Þórshöfn: Samrekstur þórshafnarhrepps og Svalbarðshrepps.
- Brunavarnir: Samrekstur Þórshafnarhrepps og Svalbarðshrepps.
- Íþróttamiðstöð Þórshöfn: Samrekstur Þórshafnarhrepps og Svalbarðshrepps.
- Leikskóli: Samrekstur Þórshafnarhrepps og Svalbarðshrepps.
- Tónlistarskóli: Samrekstur Þórshafnarhrepps og Svalbarðshrepps.

## Tilraunir til sameiningar á svæði Eyþings.

Árið 1990 voru sveitarfélögin á svæði Eyþings 33 en eru 20 talsins í dag. Eftirtaldir breytingar hafa orðið á skipan sveitarfélaga á Norðurlandi eystra á síðustu árum:

1991	Eyjafjarðarsveit (fækkun um 2).	Hrafnagils-, Saurbæjar- og Öngulsstaðahreppur sameinuðust.
1991	Öxarfjarðarhreppur (fækkun um 1).	Öxarfjarðarhreppur og Presthólahreppur sameinuðust.
1994	Öxarfjarðarhreppur (fækkun um 1)	Öxarfjarðarhreppur og Fjallahreppur sameinuðust.
1994	Þórshafnarhreppur (fækkun um 1)	Þórshafnarhreppur og Sauðaneshreppur sameinuðust.
1998	Dalvíkurbyggð (fækkun um 2)	Dalvíkurkaupstaður, Ársskógshreppur og Svarfaðardalshreppur sameinuðust.
2001	Hörgárbyggð (fækkun um 2)	Skriðu-, Öxnadals- og Glæsibæjarhreppur sameinuðust.
2002	Þingeyjarsveit (fækkun um 3)	Háls-, Ljósavatns-, Bárðdæla- og Reykdælahreppur sameinast.
2002	Húsavíkurbær (fækkar um 1)	Húsavíkurkaupstaður og Reykjahreppur sameinuðust.

Sameiningartillögur sem ekki hafa náð fram að ganga:

1993, 20. nóvember. Atkvæðagreiðsla um sameiningu allra sveitarfélaga í Eyjafirði, ásamt Hálshreppi (alls 15) í eitt sveitarfélag. Samþykkt á Akureyri, í Arnarnes-, Ársskógs- og Hríseyjarhreppi en fellt annars staðar. Mestur stuðningur við sameiningu í Ársskógshreppi.

Gerð var tillaga um að S-Þingeyjarsýsla austan Hálshrepps yrði eitt sveitarfélag í stað átta. Aðeins samþykkt á Húsavík.

Gerð var tillaga um þrjú sveitarfélög í N-Þingeyjarsýslu: Í fyrsta lagi Kelduneshrepp, Fjallahrepp og hluta Öxarfjarðarhrepps að jörðinni Sigurðarstöðum að norðan. Fellt alls staðar.

Í öðru lagi Raufarhafnarhrepp, hluta Öxarfjarðarhrepps, frá og með jörðinni Sigurðarstöðum að hreppamörkum Svalbarðshrepps, hluta Svalbarðshrepps frá hreppamörkum Öxarfjarðarhrepps til og með jörðinni Krossavík. Samþykkt á Raufarhöfn en annars fellt.

Í þriðja lagi Sauðaneshreppur, Þórshafnarhreppur og hluti Svalbarðshrepps frá mörkum Sauðaneshrepps að jörðinni Krossavík. Samþykkt í Sauðanes- og Þórshafnarhreppum en fellt í Svalbarðshreppi.

Upplýsingar um úrslit kosninganna 1993 má lesa úr **töflu 6**.

1997, 7. júní. Atkvæðagreiðsla um sameiningu Ársskógshrepps, Dalvíkurbæjar, Hríseyjarhrepps og Svarfaðardalshrepps. Fellt í Hrísey en samþykkt annars staðar.

Í framhaldi, eða 18. október, samþykkt sameining Dalvíkurbæjar, Hríseyjar- og Svarfaðardalshrepps.

2001, 3. nóvember Atkvæðagreiðsla um sameiningu Aðaldælahrepps, Húsavíkurkaupstaðar, Kelduneshrepps, Reykjahrepps, Skútustaðahrepps, Tjörneshrepps og Öxarfjarðarhrepps. Samþykkt á Húsavík og í Reykjahreppi en fellt annars staðar, þó með litlum mun í Kelduneshreppi. (Kosningarnar fóru fram sama dag og kosið var um sameiningu sveitarfélaganna sem mynda Þingeyjarsveit).

Auk þeirra atkvæðagreiðslna sem hér hefur verið gerð grein fyrir þá hafa farið fram viðræður um sameiningu milli sveitarfélaga á svæðinu án þess að þær skiluðu árangri. Þannig sigldu viðræður um sameiningu allra sveitarfélaga í Eyjafirði í strand fyrir um þremur árum, en þær viðræður voru leiddar af Akureyrarbæ.

	Já, %	Nei, %	Kjörsókn, %
<b>Eyjafjörður:</b>			
Akureyrarkaupstaður	75,9	24,1	36,0
Arnarneshreppur	54,4	45,6	65,6
Árskógshreppur	83,2	16,8	72,6
Dalvíkurkaupstaður	23,4	76,6	71,1
Eyjafjarðarsveit	26,5	73,5	65,6
Glæsibæjarhreppur	16,1	83,9	73,8
Grímseyjarhreppur	34,0	66,0	71,6
Grýtubakkahreppur	34,6	65,4	71,1
Hálshreppur	9,3	90,7	77,9
Hríseyjarhreppur	51,9	48,1	70,4
Ólafsfjarðarkaupstaður	8,4	91,6	76,4
Skriðuhreppur	27,3	72,7	72,4
Svalbarðsstrandarhreppur	42,2	57,8	70,1
Svarfaðardalshreppur	25,5	74,5	81,6
Öxnadalshreppur	20,7	79,3	78,4
Alls			46,0
<b>S-Pingeyjarsýsla:</b>			
Aðaldælahreppur	16,9	83,1	76,2
Bárðdælahreppur	14,9	85,1	81,3
Húsavíkurkaupstaður	65,8	34,2	46,2
Ljósavatnshreppur	10,5	89,5	82,3
Reykðælahreppur	10,2	89,8	75,6
Reykjahreppur	26,8	73,2	74,4
Skútustaðahreppur	36,6	63,4	79,2
Tjörneshreppur	8,9	91,6	87,5
Alls			59,7
<b>Öxarfjörður:</b>			
Fjallahreppur	0,0	100,0	60,0
Kelduneshreppur	14,8	85,2	72,7
Öxarfjarðarhreppur	21,8	78,2	64,8
Alls			66,7
<b>Raufarhöfn:</b>			
Raufarhafnarhreppur	70,1	29,9	49,0
<b>Þistilfjörður:</b>			
Svalbarðshreppur	25,0	75,0	76,9
Þórshafnarhreppur	87,2	12,8	50,3
Sauðaneshreppur	70,6	29,4	87,2
Alls			58,8

**Tafla 6.** Úrslit kosninga um sameiningu sveitarfélaga 20. nóvember 1993.



## Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga.

Þegar spurt er hver af þeim verkefnum sem nú eru á höndum ríkisins mundu helst efla sveitarstjórnarstigið og byggð á svæðinu koma fram nokkuð skiptar skoðanir. Að mati stjórnar Eyþings geta sveitarfélögin sinnt mun fleiri verkefnum en þau gera í dag og lítur á það sem mikilvægt byggðamál að til þeirra flytjist verulegur hluti af verkefnum ríkisins. Stjórnin gengur út frá því að þeim verkefnum sem flutt verða yfir fylgi nægilegt fjármagn til að sveitarfélögin geti staðið undir þeim með þeim hætti sem þeim er ætlað.

Hér eru listuð upp þau verkefni sem mest hafa verið í umræðunni.

Sveitarfélögin yfirtaki frá ríkinu:

- Málefni fatlaðra.
- Þjónustu við aldraða (heimahjúkrun).
- Hjúkrunarheimili fyrir aldraða.
- Heilsugæsluna.
- Minni sjúkrahús.
- Verkefni á sviði almannatrygginga (umboð fyrir Tryggingastofnun ríkisins).
- Leyfisveitingar.
- Firmaskráningu
- Kaupmála, erfðaskrár og borgaralegar giftingar.
- Rekstur þjóðgarða og annarra friðlanda.

Mestur einhugur virðist vera um þrjú fyrstu verkefnin, enda falla þau vel að núverandi verkefnum sveitarfélaganna. Ýmsir vara þó við að hér sé um að ræða útgjaldaþreka málaflokka og sérstaklega er bent á áhrifin af stöðugt vaxandi fjölda aldraðra. Á svæði Eyþings virðist einnig einhugur um að rekstur þjóðgarða og annarra friðlanda færist til sveitarfélaganna. Flestir virðast fylgjandi yfirfærslu heilsugæslunnar en fleiri efasemdarraddir heyrast varðandi minni sjúkrahúsin. Bent hefur verið á að víða um land er heilsugæslan í tengslum við rekstur sjúkrahúsa.

Auk þeirra verkefna sem að ofan eru talin hafa eftirtalin verkefni verið nefnd: Ýmis verkefni í eftirliti og rannsóknum, ákveðin þjónustustarfsemi Vegagerðarinnar, framhaldsskólarnir og löggæslan. Skiptar skoðanir virðast um tvö síðustu verkefnin og svo virðist sem andstaða sé við tilflutning löggæslunnar.

Ríkið yfirtaki frá sveitarfélögunum:

- Hlutdeild ríkisins í rekstri framhaldsskólanna (sjá umfjöllun að ofan).
- Framhaldsmenntun í tónlistarfræðslu.
- Innheimtustofnun sveitarfélaga.
- Húsaleigubætur.

Bent hefur verið á að eðlilegt sé að ríkið annist stuðning við leigjendur (húsaleigubætur) á sama hátt og það annast stuðning við íbúðareigendur (vaxtabætur).

Samstarfsverkefni sem þarf að skoða:

- Fjármögnun húsaleigubóta (sjá umfjöllun að ofan).
- Húsnæðislánakerfið, viðbótarlán.

Þau atriði er lúta að fjárhag og fjármögnun verkefna sveitarfélaga og skoða ber í þessu samhengi:

- Viðvarandi skuldasöfnun sveitarfélaganna.
- Áhrif fjölgunar einkahlutafélaga, aðrar skattalagabreytingar.
- Aukið frjálstræði sveitarfélaga til að ákvarða skatta.
- Fjármögnun lögskyldra verkefna og venjubundinna verkefna.
- Aðlögun tekjustofna að nýjum verkefnum og breyttri sveitarfélagaskipan.

Ljóst verður að telja að því fleiri og stærri verkefnum sem sveitarfélögunum verður ætlað að taka við því öflugri þurfa sveitarfélögin að verða til að ráða við þau. Í minnstu sveitarfélögunum er alls ekki til staðar stjórnsýsla til að takast á við stóraukin verkefni. Ekki verður öðruvísi brugðist við en með verulegri fækkun og stækkun sveitarfélaga. Þrátt fyrir það kann að verða þörf fyrir að leysa stærri verkefni í samstarfi, nema sameiningar sveitarfélaga verði þeim mun umfangsmeiri.

## Sameiningarkostir innan Eypings.

Stjórn Eypings mun ekki leggja fram ákveðnar tillögur um sameiningu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra. Fyrst og fremst er ástæðan sú að stjórnin hefur lagt á það áherslu að fyrst verði lagðar línur um verka- og tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga eins og boðað var við upphaf átaksins um eflingu sveitarstjórnarstigsins. Mikilvægt er að haldið verði fast við það vinnulag þannig að tiltrú og væntingar til verkefnisins haldist. Þá dregur stjórnin í efa umboð sitt til að leggja fram tillögur um sameiningu tiltekinna sveitarfélaga, þar sem engar formlegar viðræður hafa farið fram á vegum samtakanna um málið. Því kynnu ákveðnar tillögur af hálfu stjórnarinnar að vera varhugaverðar á þessu stigi.

Þó ekki sé hér gerð tillaga um sameiningu tiltekinna sveitarfélaga má þó greina að nokkra meginkosti, eða módel, í sameiningu sveitarfélaga á svæðinu. Fýsileiki einstakra kosta fer þá m.a. eftir umfangi þeirra verkefna sem færð verða frá ríki til sveitarfélaga. Því stærra svæði sem sameinað verður í eitt sveitarfélag þeim mun róttækari uppstokkun er þörf á að gera í stjórnsýslu þess, s.s. í þróun íbúalýðræðis innan þess.

Í grófum dráttum er hægt að tala um 3 – 4 módel í sameiningu sveitarfélaga á starfssvæði Eypings eftir því hve umfangsmikil eða róttæk þau eru.

### Kostur 1.

**Allt Norðurland eystra, auk Siglufjarðar, sameinað í eitt sveitarfélag.** Í raun skipta nákvæm mörk ekki höfuðmáli, t.d. hvort sveitarfélagið næði að Jökulsá að Fjöllum eða austur á Langanes, eðli sameiningarinnar yrði það sama.

Þessi kostur verður fyrst og fremst fýsilegur ef mörg og viðamikil verkefni færast frá ríki til sveitarfélaganna. Horfa verður fram hjá sveitarstjórnarstiginu eins og það er í dag. Svo viðamikil sameining kallar á róttæka uppstokkun á stjórnsýslunni. Óhjákvæmilegt er að forma íbúalýðræði og svæðastjórnir með nýjum hætti. Eðlilegt væri að fara í stefnumótunarvinnu og leggja áherslu á að ná fram sameiginlegri sýn á jafnræðisgrunni.

Benda má á að þær samgöngubætur sem framundan eru á svæðinu munu gera þennan kost raunhæfari en hann er í dag og ýta undir að hann verði skoðaður nánar. Ætla má að innan 10 ára verði Akureyri miðsvæðis ef horft er til Eyjafjarðarsvæðisins og Suður-Þingeyjarsýslu, þegar 76 km verða milli Akureyrar og Siglufjarðar og 70-72 km milli Akureyrar og Húsavíkur og hvergi um fjallveg að fara.

Þetta er róttækasti kosturinn í sameiningu sveitarfélaga á svæðinu og búast má við að margir eigi erfitt með að leiða hugann að svo róttækri breytingu. Þó að sú huglæga girðing sem liggur um Vaðlaheiðina hafi lækkað umtalsvert á síðustu árum þá er hún eflaust enn til staðar í hugum einhverra.

### **Kostur 2.**

**Tvö til fjögur sveitarfélög.** (a) Allur Eyjafjörður eitt sveitarfélag og Þingeyjarsýslur eitt eða tvö sveitarfélög. (b) Eyjafjörður í tveimur sveitarfélögum (Út-Eyjafjörður og Akureyri með nágrannasveitarfélögum) og Þingeyjarsýslur eitt eða tvö sveitarfélög.

Verulegu munar reyndar á því hvort um yrði að ræða tvö eða fjögur sveitarfélög. Að því leyti mætti skoða þetta sem tvö ólík módel í stað eins líkt og hér er gert. Ætla má að sameining allra sveitarfélaga í Eyjafirði í eitt sveitarfélag kalli á meiri og róttækari uppstokkun á stjórnkerfi sveitarfélagsins en sameining í tvö sveitarfélög. Ætla má að sama gildi um Þingeyjarsýslur eftir því hvort um verður að ræða eitt eða tvö sveitarfélög. Verði Eyjafjörður sameinaður í eitt sveitarfélag og Þingeyjarsýslur í eitt sveitarfélag kallar það um flest á áþekkar breytingar og þróun í stjórnsýslu og íbúalýðræði og í kosti 1. Sömu aðferðir henta til að móta sameiginlega framtíðarsýn fyrir það samfélag og í kosti 1.

### **Kostur 3.**

**Tiltölulega litlar sameiningar.** Fækkun sveitarfélaga um ca. helming, þ.e. 4 – 5 sveitarfélög annars vegar í Eyjafirði og hins vegar í Þingeyjarsýslum. Ef til vill má líta á þetta sem lágmarksárangur í fækkun sveitarfélaga á svæðinu. Telja verður víst að sveitarfélögin verði áfram að hafa samstarf um ýmis verkefni, þ.á.m. sum þau verkefni sem sveitarfélögin hafa samstarf um í dag. Jákvæð afleiðing af þessu módeli er engu að síður að hægt er að gera verulega einföldun á samstarfi sveitarfélaganna vegna fækkunar þeirra. Auðveldara verður að vista rekstur tiltekinna verkefna hjá einu sveitarfélagi og/eða koma öllu samstarfi sveitarfélaganna í einn farveg. Möguleiki skapast á að allar sveitarstjórnir eigi aðild að stjórn samstarfsverkefna.

Í dag eru 8 sveitarfélög af 20 á svæði Eyþings með innan við 300 íbúa. Líta verður á það sem brýnasta verkefnið að koma af stað umræðu í þessum sveitarfélögum um mögulegar sameiningar. Það gefur auga leið að stjórnsýsla þeirra ræður ekki við aukin verkefni. Í þessum samhengi er rétt að nefna að fyrir liggur að kosið verður um sameiningu Hríseyjar og Akureyrar þann 26. júní n.k. Þá standa yfir formlegar viðræður um sameiningu Svalbarðshrepps og Þórshafnarhrepps.

## Lokaorð.

Í lok þessarar greinargerðar er ekki úr vegi að vekja athygli annars vegar á því sem fram kemur í sveitarstjórnarlögum um stækkun sveitarfélaga og hins vegar þeirri stefnu sem hefur verið mörkuð á vettvangi Sambands ísl. sveitarfélaga.

Í sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998 fjallar 8. kafli um stækkun sveitarfélaga. Í 88. grein kemur skýrt fram sú stefna að unnið skuli að stækkun sveitarfélaga. Greinin er svohljóðandi: *“Ráðuneytið skal vinna að stækkun sveitarfélaga með samruna fámennra sveitarfélaga í öflugri heildir. Skal ráðuneytið vinna að þessu í samráði við einstök sveitarfélög, Samband ísl. sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga.”*

Ekki er í lögnum að finna neina skilgreiningu á því hvað teljist fámennt sveitarfélag.

Í 90. grein er síðan að finna bein fyrirmæli um vinnulag þeirra sveitarstjórna sem ákveðið hafa að kanna möguleika á sameiningu.

Það átaksverkefni sem nú er hafið til eflingar sveitarstjórnarstigsins byggir á samþykktum fulltrúaráðs Sambands ísl. sveitarfélaga í apríl 2003 og í apríl 2002 og landsþings sambandsins í september 2002. Í þessum sambandi er rétt að hafa í huga að öll sveitarfélög landsins eiga fulltrúa á landsþingi.

Miðað við þá stefnu sem mörkuð hefur verið í eflingu sveitarstjórnarstigsins og stækkun sveitarfélaga er af og frá að sveitarstjórnir geti vikið sér undan því að vinna að framgangi hennar. Sérstaklega á það við um sveitarstjórnir minni sveitarfélaganna. Ástæða er til að vekja sérstaka athygli á ályktun fulltrúaráðsins frá apríl 2004. Þar er því m.a. beint til tekjustofnanefndar átaksverkefnisins að láta vinna tillögur að breytingum á reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga með það að markmiði að þær hvetji enn frekar til sameiningar sveitarfélaga en núgildandi reglur. Mikilvægt er að sveitarstjórnir ígrundi áhrif þessara breytinga á rekstur síns sveitarfélags.

Það er því ekki aðeins að sveitarstjórnir standi frammi fyrir því að taka við nýjum og krefjandi verkefnum frá ríkinu, með auknum kröfum um öfluga stjórnsýslu, heldur má reikna með verulegri breytingu í tekjum margra sveitarfélaga m.v. óbreytta skipan.

Akureyri 9. júní 2004

Pétur Þór Jónasson

framkvæmdastjóri Eyþings

## Viðauki - Svör sveitarstjórna við bréfi Eyþings.

Þann 11. febrúar 2004 sendi Eyþing bréf til sveitarstjórna á starfssvæði sínu og gaf þeim kost á að koma á framfæri ábendingum og athugasemdum í tengslum við átakið um eflingu sveitarstjórnarstigsins. Sveitarfélögin höfðu einnig fengið afrit af bréfi nefndar um sameiningu sveitarfélaga, dags. 22. janúar, sem sent var landshlutasamtökunum. Svör bárust úr 11 sveitarfélögum af 20. Hér á eftir fer útdráttur eða samantekt úr svörum þeirra.

### **Ólafsfjarðarbær.** (Bæjarráð)

Fagnar umræðunni.

Leggur áherslu á að sjálfsákvörðunarréttur sveitarfélaganna verði virtur.

Bæjaryfirvöldum í Ólafsfirði ber skylda til að meta alla kosti í sameiningu/samvinnu.

Samgöngubætur forsenda aukinnar samvinnu/sameiningar með áherslu á Héðinsfjarðargöng.

Samkomulag um nýja tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga liggja fyrir við yfirfærslu nýrra verkefna.

Kjósa að kannaður verði af fullri alvöru sá kostur að Siglufjarðarkaupstaður, Dalvíkurbyggð og Ólafsfjörður sameinist. Auðvelt að auka samvinnu átt að þeirri sameiningu.

### **Hörgárbyggð.**

Tilbúin að taka þátt í umræðum um eflingu sveitarstjórnarstigsins og sameiningu sveitarfélaga.

Skorar á **Eyþing**, ásamt Sameiningarnefnd ráðuneytisins, að hafa forgöngu um málið á starfssvæði Eyþings.

Telur ekki tímabært að einstakar sveitarstjórnir leggi fram ákveðnar tillögur.

Eyþingi barst einnig afrit af bréfi til stýrihóps um athugun á áhrifum sameiningar sveitarfélaga við Eyjafjörð:

Lögð áhersla á að **Eyþing** verði leiðandi afl í þeirri vinnu sem er framundan.

### **Akureyrarbær.**

Stækka ber sveitarfélög í Eyjafirði og fækka með sameiningu.

Áhersla á breytt verklag með kosningu um sameiningu í kjölfarið á breyttu hlutverki og verkefnum sveitarfélaga. Fyrir liggja einnig tillögur um breytta tekjuskiptingu og breytingu á Jöfnunarsjóði.

Að fenginni niðurstöðu varðandi verkefnaflutning og tekjuskiptingu er auðveldara að leggja fram og rökstyðja tillögur um sameiningu.

Lagður fram listi með tillögum að verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga (sjá síðar).

### **Eyjafjarðarsveit.**

Er tilbúin í umræður og vinnu.

Skorar á Sameiningarnefnd ráðuneytisins og **Eyþing** að gangast fyrir því að málefnið verði tekið til umræðu á Eyjafjarðarsvæðinu á grundvelli ákveðinnar dagskrár og tímaáætlunar.

Telur ekki tímabært að einstakar sveitarstjórnir leggi fram ákveðnar tillögur.

Eyþingi barst einnig afrit af bréfi til stýrihóps um athugun á áhrifum sameiningar sveitarfélaga við Eyjafjörð:

Tilbúin til samstarfs við stýrihópinn um að leita til Háskólans á Akureyri um könnun á áhrifum sameiningar sveitarfélaga á Eyjafjarðarsvæðinu.

Í framhaldi könnunarinnar verði umræður um sameininguna og eflingu sveitarstjórnarstigsins leiddar af **Eyþingi**. Þannig verði umræðunni stýrt af hlutlausum aðila en ekki af fulltrúum eins sveitarfélags umfram önnur.

#### **Svalbarðsstrandarhreppur.**

Vakti athygli og sendi afrit af bréfi stýrihóps um athugun á áhrifum þess að sameina öll sveitarfélög í Eyjafirði.

Telur eðlilegt að **Eyþing** sé leiðandi í þeirri vinnu sem framundan er í að kanna sameiningarmöguleika á starfssvæði þess.

Varpar fram nokkrum spurningum til Eyþings um það hvernig það hyggist standa að undirbúningsvinnu vegna átaksins.

#### **Grýtubakkahreppur.**

Tillögur um skýra verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, sem og tillögur um breytta tekjuskiptingu, liggi fyrir áður en tillögur um sameiningu sveitarfélaga verða settar fram (sbr. ályktun aðalfundar Eyþings 2003).

Minni sveitarfélög geti starfað áfram hafi þau burði til.

#### **Þingeyjarsveit.**

*Meirihluti sveitarstjórnar:*

Leiðrétting á kostnaðarskiptingu ýmissa sameiginlegra verkefna ríkis og sveitarfélaga í dag forsenda fyrir frekari yfirlýsingu verkefna frá ríkinu.

Telur frekari sameiningu ekki þjóna hagsmunum íbúa sveitarfélagsins – vilja fá að þróa sveitarfélagið frekar.

Áhersla á sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga.

*Minnihluti sveitarstjórnar:*

Telur Þingeyjarsveit eiga að vera þátttakanda í umræðu um eflingu sveitarstjórnarstigsins og könnun á hugsanlegum sameiningarkostum.

#### **Aðaldælahreppur.**

Leggur áherslu á að vinnu við verka- og tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga verði hraðað. Tillögur þar um liggi fyrir til að hægt verði að móta raunhæfar hugmyndir um sameiningarkosti.

Þeir málaflókkar sem mest er rætt um að flytja til sveitarfélaganna í senn fjárfrekir og í fjárhagsvanda.

Reynst hefur erfitt að ná samningsbundnum fjárframlögum frá ríkinu til verkefna.

Getur ekki tekið þátt í að móta hugmyndir um æskilega stærð sveitarfélaga eða mögulega sameiningarkosti.

#### **Húsavíkurbær.** (Bæjarráð)

Nauðsynlegt að takast á við kerfisbreytingu sveitarstjórnarstigsins þannig að hægt verði að ætla öllum sveitarfélögum landsins svipað þjónustu- og stjórnsýsluhlutverk gagnvart íbúunum.

Óflugt jöfnunarkerfi milli sveitarfélaganna áfram nauðsynlegt.

Nauðsynlegt að „breikka“ og styrkja tekjustofna sveitarfélaga.

Mest rætt um flutning fjárfrekra málaflokka sem munu fara vaxandi að umfangi og kostnaði. Slíkur verkefnaflutningur e.t.v. heppilegri í formi þjónustusamninga en lagabundins flutnings.

Staðbundin stjórnvöld sjái um nærþjónustu – þrátt fyrir mikla kosti má ekki gleyma veikleikum sem fylgja nándinni.

Talin upp ýmis verkefni sem mögulegt er að flytja til sveitarfélaganna, þ.m.t. talið umsjón og rekstur þjóðgarða og annarra friðlanda (sjá síðar).

Fækka þarf sveitarfélögum á starfssvæði Eyþings verulega til að ná settum markmiðum átaksins.

### **Öxarfjarðarhreppur.**

Efasemdir um sameiningu fámennra sveitarfélaga á norðausturhorninu. Vænlegra að sameina báðar Þingeyjarsýslur.

### **Þórshafnarhreppur.**

Viðræður um sameiningu Svalbarðs- og Þórshafnarhrepps standa yfir. Útilokar ekki að síðar verði aðrir sameiningarkostir skoðaðir.

Þó sveitafélögin 4 frá Jökulsá að Brekknaheiði sameinist í eitt verður áfram þörf á umtalsverðu samstarfi út fyrir svæðið vegna fámennis og strjálbýlis.

Sveitarfélögunum verði gert kleift að annast þau verkefni sem þeim hafa þegar verið fengin.

### **Ábendingar um verkefni.**

Akureyrarbær og Húsavíkurbær komu fram með hugmyndir um verkefni sem taka eigi til skoðunar varðandi verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Sveitarfélögin yfirtaki frá ríkinu:

- Málefni fatlaðra.
- Þjónustu við aldraða (heimahjúkrun).
- Hjúkrunarheimili fyrir aldraða.
- Heilsugæslan.
- Minni sjúkrahús. (Húsavíkurbær)
- Umboð fyrir Tryggingastofnun ríkisins.
- Leyfisveitingar.
- Firmaskráningu.
- Kaupmála, erfðaskrár og borgaralegar giftingar. (Akureyrarbær)
- Umsjón og rekstur þjóðgarða og annarra friðlanda. (Húsavíkurbær)

Ríkið yfirtaki frá sveitarfélögunum:

- Hlutdeild ríkisins í byggingarkostnaði framhaldsskólanna. (Akureyrarbær)
- Framhaldsmenntun í tónlistarfræðslu. (Akureyrarbær)
- Innheimtustofnun sveitarfélaga. (Akureyrarbær)
- Húsaleigubætur. (Húsavíkurbær)

Samstarfsverkefni sem þarf að skoða:

- Fjármögnun húsaleigubóta. (Akureyrarbær)
- Húsnaðislánakerfið, viðbótlán. (Akureyrarbær)

Þau atriði er lúta að fjárhag og fjármögnun verkefna sveitarfélaga og skoða ber í þessu samhengi (Akureyrarbær):

- Viðvarandi skuldasöfnun sveitarfélaganna.
- Áhrif fjölgunar einkahlutafélaga, aðrar skattalagabreytingar.
- Aukið frjálsræði sveitarfélaga til að ákvarða skatta.
- Fjármögnun lögskyldra verkefna og venjubundinna verkefna.
- Aðlögun tekjustofna að nýjum verkefnum og breyttri sveitarfélagaskipan.